

BARNVÆNT SAMFÉLAG
málþing Samtaka atvinnulífsins, Félags leikskólakennara
og Heimilis og skóla

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi

Kæri fundarstjóri og fundargestir.

Barnvænt?

Ég ætla því að byrja á að draga þá ályktun fyrir fram að við séum almennt að standa okkur vel í að skapa barnvænt samfélag. Ég gæti talið hér upp ýmislegt vísindalegt mínu máli til stuðnings en heilt á litið stöndum við okkur mjög vel. Fyrstu rökinn eru að enn eykst fæðingartíðnin og við erum hreinlega alveg sér á parti á vesturlöndum í þeim efnum. Foreldrar sjá hreinlega ekki margar hindranir í að eignast börn á Íslandi því að fjölskylduumhverfið er í heildina gott.

Ég dæmi þetta að miklu leyti til af minni eigin reynslu eftir að hafa búið í tveimur ólíkum löndum utan Íslands með börn og þeirri staðreynd að meirihluti vina minna sem eru eða hafa verið búsettir erlendis koma heim á þeim forsendum að hér sé gott að eiga og ala upp börn. Meira að segja nú, þegar við getum sagt án þess að blikna að afar erfiðir tímar séu framundan, eru vinir og kunningjar að flytja heim. Þrátt fyrir allt mótlætið segja vinirnir að þá langi til að börnin þeirra fái að alast upp í þessu frjálsa umhverfi, þessu sterka skólakerfi og í kringum stórfjölskylduna. Þau vilja að börnin þeirra alist upp sem Íslendingar og kynnist því sem Ísland hefur upp á að bjóða.

Í okkar tilfelli var borðliggjandi að koma heim með strákana þrátt fyrir að annað byðist. Í Bandaríkjunum var vinnukúlturinn enn meira ráðandi en hér heima og ekkert stuðningskerfi. Leikskólinn var spennandi og gerði vel við tvítyngd börn - en tókst ekki á við neina þyngri erfiðleika hjá börnum. Í Frakklandi voru ekki gangstéttir né leikvællir og hundar voru knúsaðir og kysstir fremur en börn. Það var ekki fræðilegur möguleiki að fá vistun fyrir yngri strákin í neinni þjónustu og eldri strákin þurfti að sækja í hverju hádegishléi auk þess sem á miðvikudögum var frí í grunnskólanum. Maður hugsaði sitt í þessu harki þar.

Stórfjölskyldan er hugtak sem mig grunar að við tökum sem sjálfsögðum hlut í samhengi barnvænlegs umhverfis. Það er hins vegar þannig að börn dvelja mikið hjá ömmum og öfum, kynnast frændum og frænkum mjög vel og ferðast með vinafjölskyldum í fríum. Að læra kapal hjá ömmu, að tala um sætasta strákinn í bekknum við frænda sinn og að trúa stóru frænku sinni fyrir leyndarmáli er eitthvað sem við könnumst öll við að gerist í kringum stórfjölskylduna. Þessi menning okkar er ekki til alls staðar og ég er viss um að margir eigi erlenda vini sem hafa dásamað og jafnvel öfundað þessi miklu tengsl okkar við ættingjana.

Frelsi er annað hugtak sem við lítum oft á sem sjálfsagðan hlut. Ég minnst þess að nýlega í þættinum *Aldamótabörnin*, sem sýndur var í Sjónvarpinu hversu fáum börnum í rannsókninni var treyst út fyrir girðingu heimilisins. Hér heima á Íslandi er vissulega munur á frelsi barna eftir því hvort þau búa á Dalvík eða í Reykjavík en frelsi okkar barna er ótvírætt miklu meira en flestra ef ekki allra okkar nágranna í þeim löndum sem við

berum okkur saman við. Þetta frelsi hefur með traust á umhverfinu að gera og öryggis barnanna á götum úti.

Þessir ótvíræðu kostir við menningu okkar er eitthvað sem við verðum að muna eftir að halda í og virða. Því þetta er alls ekki sjálfgefið.

Uppbygging undanfarina ára.

Undanfarin ár hefur orðið grundvallarbreyting á umhverfi barna og barnafjölskyldna. Samfara öllum æsingnum í samfélaginu, öllu góðærinu, gerðu stjórnvöld að minnsta kosti eitt rétt – þau settu mikið fé og kraft í uppbyggingu á umhverfi barna og á lögum og reglum sem snertu börn. Þau byggðu upp sterkara menntakerfi með tilheyrandi fjármagnsaukningu og bjuggu til og bættu ramma um fjölskyldur. Fæðingarorlofið, leikskólinn sem fyrsta skólastigið og stóraukið fé til framhaldsskóla sem taka nú nær alla í árganga í nám. Að auki hefur fagmennskan aukist til muna með þeim afleiðingum að allir rammar og ferlar eru mun öruggari og færri börn lenda í að tynast í kerfinu. Starfsfólkið er faglegra og menntaðra og tengsl stétta hafa markvert batnað með tilheyrandi kostum fyrir börnin og barnafjölskyldurnar.

Ég sé þetta glögggt í leikskólunum. Í leikskólum borgarinnar fer til fram einstaklega faglegt og framsýnt starf þar sem mjög er litið til hvers og eins barns. Ár frá ári verður daglegt starf skólans skipulagðara og leikurinn notaður á frjóan hátt til náms. Skólarnir eru mjög ólíkir og maður fær aldrei leið á að hlusta á metnaðarfullt starfsfólk segja manni frá ólíkum verkefnum í hverjum skóla. Sérhvert barn sem sýnir frávík er strax tekið til skoðunar, sama þó það sé ekki komið á „greiningaraldur“. Undantekningarlaust er unnið með frávíkin því við vitum öll hér að inngripin verða að eiga sér stað sem fyrst. Þetta er að mínu mati allt afleiðing aukinnar fagmennsku í kerfinu öllu.

Lagaraminn um líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum hefur líka mjakast í rétta átt og rúmlega það. Skilgreiningar á brotum og refsingum eru orðnar betri. Lögregla og barnaverndarnefndir verða þó enn að fá mun meira fjármagn til að fylgja málunum eftir.

En það voru fleiri sigrar unnir. Á undanförunum árum höfum við viðurkennt mörg af þeim mikilvægu störfum sem að tengjast barnæskunni. Kennarar, námsráðgjafar, frístundaráðgjafar, iðjupjálfar og fleiri og fleir stéttir hafa fengið viðurkenningu bæði óformlega og óformlega. Launin hafa fylgt að einhverju leyti þó að alltaf viljum við gera betur og sjá þau hækka meira hlutfallslega við sambærilegar stéttir. **Þessir sigrar eru svo mikilvægir og við megum ekki missa þá frá okkur þegar á móti blæs.**

Kröfur og hraði

Samhliða þessum góðærisbreytingum jukust kröfurnar. Foreldrar urðu meðvitaðari um hvaða þjónustu þeir ættu rétt á og hvaða þjónustu þeir þurftu á að halda. Hægt væri að færa rök fyrir því að þessar kröfur hafi verið komnar í sömu öfgarnar og allt samfélagið í þessu svokallaða góðæri. Ég á enn tölvupósta frá síðastliðnum haustum þar sem foreldrar hreinlega hótuðu mér sem formanni leikskólaráðs persónulega, blótuðu, húðskömmuðust og sendu hópsendingar af sömu dómhörðu skilaboðunum þegar við glímdum við manneklu og lokun deilda sem afleiðinga hennar. Stöðugt var manneklan að pólitísku bitbeini stjórn málaflokka. Allt á þeim rökum að ég – og við – værum ekki að hjálpa foreldrum að komast í sína mikilvægu vinnu. Aldrei komu fram sjónarmiðin að nauðsynlegt væri fyrir börnin að fá þessa frábæru menntun sem er í boði í leikskólum

borgarinnar. Sumir komu með tillögur og báðu mig um að sækja útlendinga til Norðurlandanna eða slaka á kröfum um tungumálakunnáttu.

Ég man að ég svaraði nokkrum svona póstum í forundran, en gafst þó fljótlega upp á því, og spurði hreinlega hvort að þau gerðu sér grein fyrir því að við gerðum kröfur um hverjir sæju um börnin okkar. Ég man líka að á öllum þessum tíma var atvinnulífið algjörlega „stikkfrí“ - sveitarfélögin og menntakerfin áttu að sinna þörfum þeirra í einu og öllu. Þessi umræða hefur hreinlega gufað upp og enn er atvinnulífið stikkfrítt.

Nú ári síðar eru skólarnir okkar fullmannaðir af frábæru starfsfólki. Ég ætla ekki að fara út í ástæðurnar hér enda dynja afleiðingarnar á okkur á hverjum degi á öllum landsmönnum. Og enginn hrópar húrra fyrir vel mönnum og sterkum leikskólum sem eru sérstaklega gott skjól fyrir börnin í þessum látum öllum. Ég hef amk. ekki fengið póst frá foreldrum um þá jákvæðu þróun. Ég er ekki að draga úr en ég vildi að ég væri það. Ég vildi óska að foreldrar væru að hafa samband – og að kröfurnar væru að aukast í átt að auknum gæðum. En – og ég hef sagt þetta oft áður – foreldrar eru alveg ferlega lélegir baráttumenn fyrir börnin sín. Vafalaust hvetja þeir starfsfólkið á leikskólunum beint þegar þau spjalla – og það er líklega ekki af því að þeir hafa ekki vilja eða skoðanirnar til að ræða málin.

Ég held að líklega sé rétta skýringin sú einfaldasta, sú að foreldrar séu frekar mikið úrvinda og hafa í nógu að snúast í daglegum reddingum og heimilishaldi eftir vinnu. Það getur líka verið að foreldrar vilji bara alls ekki skipta sér að skólastarfi, velji að líta þannig á að það sé sem mest á könnu kennara og skólastofnana að vinna sína vinnu og að foreldrastarf í auknu mæli sé bara til að gera erfitt líf foreldra með ung börn erfiðara. Ég hef líka nefnt það áður í þessum vangaveltum mínum um talsmenn barna og aukna aðkomu foreldra að mögulega hefur öll þessi fagmennska sem við höfum fagnað svo mjög ýtt foreldrum og jafnvel fælt þá frá. Hvernig sem í pottinn er búið, þá er þetta eitthvað sem huga þarf að – því ef við erum ekki með öflugum talsmenn barna – þá gefur þjónustan þeirra eftir fyrir einhverju öðru sem á öflugum talsmenn. Við sem hér sitjum í dag verðum að standa okkur enn betur sem talsmenn þeirra. Við þurfum fleiri talsmenn eins og Ragnhildi sem gefur okkur skýr dæmi um hvernig skólarnir vinna. Og aðra sem berjast fyrir að bæta um betur.

Nú ári eftir fall bankakerfisins þarf nefnilega að verja þjónustu við börn sem aldrei fyrr. Það þarf að vernda börnin. Þetta er það sem Finnarnir endurtaka í sífellu og segjast hafa vanrækt um of. Börnin, börnin – passið börnin segja þeir þegar við leitum ráða. Fyrstu tölur í vakt borgarinnar og í rannsókninni Ungt fólk sýna ágæta stöðu í umhverfi barna. Vakt borgarinnar sýnir aukningu barna á frístundaheimilum, aukningu í mat í hádeginu, minni keyptar stundir í leikskólunum, mikil aukning í starfi félagsmiðstöðva og enga sýnilega hópamyndun í hverfum. Niðurstöður rannsóknarinnar Ungt fólk virðast líka sýna að unglingum líður vel og jafnvel betur en fyrir tveimur árum. Þó vil ég sjá aðeins nánari greiningu á öllum þessum breytum.

Blikur á lofti

Við getum hins vegar ekki slakað á. Félagsfræðingar telja að höggið komi ekki strax í svona efnahagserfiðleikum og í raun er kreppan fyrst að fara að bíta meirihluta þjóðarinnar um þessar mundir. Nokkrar vísbendingar eru um að erfið mál tengd börnum og heimilum barna sem voru til staðar séu að verða erfiðari. Rödd barnsins er því afar mikilvæg. Við verðum að hlusta vel á börnin sjálf því erfiðstu málin eru þess eðlis að þau verður að finna hvert og eitt en **ekki bíða eftir að þau sjáist í tölfræðilegu yfirliti**. Fátækt

barnafjölskyldna er að aukast og mun áfram aukast. Jöfn og þétt aukning tilkynninga til barnaverndaryfirvalda undanfarin ár er líkleg til að haldast og þrátt fyrir að lagaramminn sé orðinn betri þá þarf enn að styrkja barnaverndarnefndir og úrræði sem eru í boði til úrlausna. Jafnvel þarf að fræða almenning betur hvernig tilkynninga eigi um atvik – við höfum gert átak í að fræða starfsmenn skóla með góðum árangri í Reykjavík – en einnig þyrfti að fræða fjölmiðla betur um eðli þessara nefnda því þær virðast stöðugt sæta árásum sem þær geta ekki svarað fyrir. Í þessum málum má ekki gefa neinn afslátt.

Að lokum

Ég hef farið hér um víðan völl og þarf að fara stöðva mig. Þetta er sérstaklega mikilvæg umræða á þessum skrítnu tímum og ég hefði sérsaklega viljað ræða hér líka hvernig unglingarnir okkar hafa það. Þeir viðurkenna víst seint að þeir séu börn – en við vitum að gefa þarf sérstakan gaum að þeim. Þeir leita eflaust núna að nýjum fyrirmyndum, þeir finna á eigin skinni að glansfyrirmyndirnar frá 2007 eru fljótar að falla þegar upp úr sýður. Það er okkar verkefni fyrir þau og fyrir öll börn að finna heilbrigðar fyrirmyndir.

En skilaboðin mín í dag og niðurstaða mín eru þau að við eigum gott og barnvænt samfélag. Á næstu mánuðum og misserum munum við takast á við að verja það af öllum mætti og tryggja að sigrar undanfarinna ára falli ekki einn af öðrum.